Jón Jensson - Tvær ritgjörðir (1908)

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðu eintaki af téðu riti. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið rafrænt eintak af því án endurgjalds.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó að stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Höfundur skjals þessa álítur að hvers kyns höfundaréttur á prentaða eintakinu sé útrunninn.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Skannað var eintak í vörslu Bókasafns Kópavogs.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

7

Tvær ritgjörðir

eptir

Jón Jensson.

I.

Um frumvarp millilandanefndarinnar.

Reykjavík.
Prentsmiðjan Gutenberg.
1908.

Millilandanefndin er búin að ljúka starfi sínu.

Hún hefur öll, bæði Danir og Íslendingar, að undanteknum Skúla Thoroddsen einum, orðið sammála um, að Íslendingar fái allar þær kröfur uppfylltar sem öll frjálslyndustu blöð landsins lýstu sig vilja gjöra til nýrra laga um rjettarstöðu Íslands, í októbermánuði 1906, í blaðamannaávarpinu svo-nefnda.

Og hún hefur öll, að sama manni einum undanskildum, tekið til greina allar kröfur Þingvallafundarins 1907 eins og frjálslyndi flokkurinn á þingi 1907 útlistaði þær í erindisbrjefi, er hann gaf mönnum þeim er hann kaus í nefndina úr sínum hóp*.

Í stuttu máli, allar þær rjettarbætur standa nú þessu landi til boða, sem þeir, er lengst hafa farið í kröfum fyrir Íslands hönd, hafa æskt eptir.

Og nú hamast þó flestöll sömu blöðin og flestallir sömu mennirnir gegn því, að þjóðin taki rjettarbótunum, þeim æskilegustu, er þeir áður gáfu hugsað sjer.

Hverju sætir þetta?

———

Vjer skulum virða fyrir oss aðalefni nefndarfrv. Ekki einstök orð í því, — að hrekja hártoganir á þeim læt jeg bíða betra tækifæris — heldur hugsunina í frv., aðaldrætti þess, sem jeg tel engan vafa á, að orðin eigi að lýsa.

* Orðin »meðan umsemur« í erindisbrjefinu met jeg einskis eins og á stendur. Það væri orð-heingils-háttur og ekkert annað.

Í frv. liggur þá fyrst og fremst sú stórkostlega breyting á rjettarstöðu Íslands og á danska ríkinu um leið, að danska ríkið klofnar í tvennt, verður 2 sjálfstæð ríki, lagalega jafnrjetthá, og Ísland annað þeirra. Í stað þess, að Íslandi hefur hingað til. um margar aldir, verið stjórnað sem hluta danska ríkisins, dönsku landi, sem hefur orðið að hlýða dönskum lögum, þó að oss væri ljeð meiri og minni þátttaka í tilbúningi þeirra, og í stað þess að Íslendingar hafa orðið að sætta sig við að lifa við danskan borgararjett í sínu eigin landi, þá stendur oss nú til boða, ef vjer höfum vit á að taka frv., að fá viðurkenningu Dana fyrir því, að vjer skulum einir eiga eptirleiðis þetta land vort og að vér skulum einir vera ráðendur þess og þeirra manna er landið byggja, en Danir engin umráð hafa yfir því lengur, hvorki þjóð eða landi, hvorki beinlínis nje óbeinlínis.

Ísland fær eftir frv. öll einkenni fullveðja ríkis, alveg eins og Danmörk. Hvort ríkið um sig á sitt eigið land með landhelgi, sína eigin þegna (sjerstakan fæðingarrjett) og sitt eigið óháð ríkisvald. Danmörk verður ekki fremur yfirríki heldur en Ísland verður það. Jafnrjettið lýsir sjer alstaðar í frv., en hvergi skemtilegar en í 6. gr., því að þar er Ísland látið viðurkenna, að Danmörk megi sjálf ráða sjermálum sínum alveg eins og Ísland. Slíkt ákvæði væri óhugsanlegt í samningi milli undir- og yfirríkis.

Það er fáviska og ekki annað að skoða það sem skerðing á ríkisrjettindum Íslands eða sjálfstæði þess, þó að það með frjálsum samningi gjöri samband við Danmörku áfram um nokkur sameiginleg mál og þó að það þiggi tilboð Dana að annast þessi mál, einnig fyrir Íslands hönd, um óákveðinn tíma, þang-

að til báðir aðilar komi sjer saman um slit á sambandinu eða breyting á því. Það er rangt, sem sagt hefur verið, að Íslendingar hafi með slíkum samningi afsalað sjer þeim málum, eða að Danir geti farið með þau eftir eigin geðþótta sem sín eigin mál. Það liggur í því að Danir fara með málin fyrir Íslands hönd einnig, að Ísland á heimting á að tekið sje hæfilegt tillit til hagsmuna þess, og verði það ekki gjört, er það brot á samningnum (skyldubrot), sem gefur Íslandi rjett til að beita þjóðarrjetti, eins og hver sjálfstæð þjóð á rjett til, er önnur þjóð gengur á rjett hennar.

Samkvæmt frumvarps-ákvæðunum sjálfum getur Ísland ráðið því eitt, að sameiginlegu málin verði eptir 25—37 ár ekki fleiri, auk konungsins, en hervarnir og utanríkismál, og utanríkismál þó því að eins, að þau ekki snerti Ísland sjerstaklega, því að annars liggja þau undir samþykki Íslands, og verða þá í rauninni sérmál þess. Sambandið er þá orðið svo takmarkað, að þegar frá er talið konungssambandið, verðum vjer þess harla lítið varir. Það grípur aðeins yfir mál, sem nú eru aldönsk mál, mál, sem eru meira að nafninu til vor mál, heldur en þau sjeu það í raun og veru. Sambandið sem byggt er á þeim verður þá aðeins til þess, að útvega oss löghelgaða afstöðu til annara þjóða, sem vjer yrðum annars að útvega oss eða skapa á annan hátt, sem yrði bæði margfalt dýrari og hættulegri sjálfstæði voru.

Allar getgátur um misbeiting Dana á meðferð þessara mála eru ekki annað en grýlur tómar, og eyði jeg hjer ekki orðum að slíkum fjarstæðum.

Á nafninu á sambandinu hafa menn hneykslast mjög: Det samlede danske Rige. Þeir gleyma því,

að það er aðeins sambandsheiti *út á við*, og ríkisheitið í því aðeins til að tákna, að bæði ríkin eigi að koma fram út á við *eins og eitt ríki*, þó að þau sjeu 2 fullvöld ríki í sjálfu sjer, eins og ríki sem eru í ríkjasambandi. En sambandið sjálft er ekkert ríki, heldur ríkjasamband.

Í rauninni er engin sönnun betri fram komin fyrir því, hvað frv. hlýtur að vera að áliti allra gott Íslendingum til handa, heldur en sú, að aðalmótbára Íslendinga gegn frv. er sú, að Danir vilja gjöra oss hægra fyrir að eiga með oss sjálfa, í frumbýlisskapnum, að losa oss fyrst um sinn við þann vanda sem fylgir vegsemdinni að vera sjálfstæð þjóð, að þurfa að hafa hnefa að hrinda frá sjer með og æfða menn til samninga við aðrar þjóðir, leyfa oss að nota tækin sem þeir hafa þegar til þessa hvorstveggja.

———

En hvað vilja þá þeir menn, sem ekki vilja þiggja það fyrirkomulag sem í frv. liggur?

Vilja þeir það ástand sem nú er?

Nei, það vilja þeir ekki. Þeir kannast við að *það* sje óhafandi.

Þeir hljóta að kannast við og hafa kannast við að vjer sjeum innlimaðir í Danmörku með stöðulögunum 2. jan. 1871 og að sú innlimun sje staðfest með viðurkenningu sjálfra vor Íslendinga 1903, er vjer tókum inn í stjórnarskrá vora játningu um, að sjermál vor lægju undir ríkisráðið danska, eins dönsku ráðgjafana þar eins og Íslandsráðgjafann.

Þeir ráða nú þjóðinni til að hafna boði Dana um að nema úr gildi stöðulögin og þarmeð grund-

völlinn undir rjettleysi Íslands og viðurkenna það sjerstakt ríki.

Og þeir dirfast að segja það þjóðinni, að hún, eptir að hafa hafnað slíku boði Dana, geti heimtað það sem sjálfskyldu af þeim, að þeir virði einskis sín lög, sem vjer ekki viljum þiggja að þeir felli úr gildi, og brjóti þau, til þess þann veginn að útvega oss rjettarbætur, er vjer ekki höfum viljað þiggja með þeim hættinum, sem eðlilegur var og sjálfsagður.

Þeir þykjast ætla að byggja slíka krõfu á hendur Dönum á sanngirnisrjettinum!!

Nei! mín spá er sú, að verði ekki frv. þegið nú, þá biðja Íslendingar Dani um það og ekkert annað eptir svo sem 2 ár.

II.

Hvað foringinn segir.

Foringi frumvarps-andstæðinga Skúli Thoroddsen hefur nú skýrt frá ástæðunum fyrir því, að hann gat ekki orðið sammála meðnefndarmönnum sínum, og að hann vill nú að Íslendingar taki eigi frumvarpinu.

Jeg hafði vænst þess, eins og sjálfsagt flestallir aðrir, að hjá Sk. Th., sem hefur setið að nefndarstörfunum frá upphafi til enda, myndu fást mikilvægar upplýsingar til að fá skilning af á frv. Og hjá honum sem sjálfkjörnum foringja þeirra, er snúast gegn frv., þykist jeg mega gjöra ráð fyrir, að teknar sjeu fram allar verulegustu mótbárurnar gegn frumvarpinu.

Þess vegna tel jeg það ómaksins vert að athuga ástæður Sk. Th. í ræðu hans í samsætinu 27. f. m. er flokksmenn hans fögnuðu komu hans úr nefndinni og þökkuðu honum starf hans fyrir fósturjörðina.

Í ræðunni ber Sk. Th. það fyrst af sjer, að starf sitt hafi verið vandasamt. Hann hafi ekki haft annað að gjöra en fara bókstaflega eftir erindisbrjefinu, sem stjórnarandstæðingar gáfu honum. En gallinn á þessu er nú sá, að hefði Sk. Th. farið eftir erindisbrjefinu, þá hefði hann orðið samferða hinum nefndarmönnunum og samþykt frv.

Sk. Th. segir að í frv. felist *uppgjöf á rjettindum landsins,* »því að vjer höfum aldrei kannast við annan rjett á landinu til handa nokkurri þjóð, en í Gamla sáttmála sje til skilinn«. Síðar í ræðunni kannast Sk. Th. við, að vjer höfum 1903, með ríkisráðsákvæðinu, sem Sk. Th. var með að samþykkja og lofaði þá á hvert reipi í blaði sínu, undirgengist, að Danir »hefðu hönd í bagga með sjermálum vorum«, og hefðu þeir þá sjerstaklega »tryggt sér fiskiveiðar hér og önnur atvinnumál«. Og Sk. Th. segir meira. Hann segir að Danir verði að *gefa eptir* ríkisráðsmeðferðina, ef vjer eigum að geta losað oss úr því hapti. Þetta allt álítur Sk. Th. líklega að hafi verið í samræmi við Gamla sáttmála. En kanske Sk. Th. sýni þá fram á, að vjer gefum *enn meiri rjett* eptir með frv., en vjer slepptum 1903.

Sk. Th. finnur það að frv., að Ísland sje þar ekki nefnt *fullveðja ríki.* »Danir hafa varast rjett nöfn á því hugtaki«, segir hann. Nefndargjörðirnar sýna, að Íslendingarnir, og þar á meðal Sk. Th., eiga þessa aðfinnslu, en ekki Danir. Það er einmitt eptir tillögu Sk. Th. sjálfs í samræmi við Þingvallafund m. m, sem orðið »land«, en ekki »ríki« eða »fullveðja ríki« er haft í 1. gr. frv. Sk. Th. datt ekki í hug hugtakið fyr en á elleftu stundu, og þá var það um seinan að hringla með orðalagið.

Önnur sönnun Sk. Th. fyrir því, að Ísland sje ekki fullveðja ríki, er að í 1. gr. standi Statsforbindelse, en ekki Statsforbund. En nú er Statsforbindelse einmitt hjá þjóðrjettarfræðingum á Norðurlöndum rjetta nafnið á realunion (ríkjasambandi, þar sem konungur er sameiginlegur að öllu í báðum löndum), en Statsforbund er haft um ríkjasamband, þar sem

löndin hafa sinn æðsta stjórnandann hvort í sjermálunum. Hér hefur því Sk. Th. ekki haft á rjettu að standa.

Þriðja sönnunin er, að ekki sje nefnd í frumv. landhelgi Íslands, heldur landhelgi *ríkisins* (det samlede danske Riges«). Það væri merkileg aðfinnsla þetta, ef hún væri sönn. En hún er nú *ósönn*, og er það stórmerkilegt, að nefndarmaðurinn Sk. Th. skuli ekki geta haft eftir orð frv. rjett í svo mikilvægu atriði. Sk. getur þá enga sönnun fært gegn því að Ísland verði fullveðja ríki, en það er einmitt bezta sönnunin fyrir því, að Ísland verður fullveðja ríki eptir frv. Einhverstaðar yrði þó frv. að sýna þá skerðing á sjálfstæðinu, sem ekki yrði samrýmd fullveldi.

Jú, Sk. Th. þykist geta bent á skerðingar á fullveldinu:

1. *Hervarnir.* Af því, að þær yrðu sameiginleg mál Dana og vor, ræður Sk. Th., að Danir gætu sett hjer upp hervirki að ástæðulausu og eftir eigin geðþótta og leyft jafnvel öðrum þjóðum — Rússum segir Sk. Th. — að brúka landið í þessu skyni í eigin þarfir. Skilur Sk. Th. ekki, að Danir fara þar með mál sem er vort eigið og verða að taka tillit til vorra þarfa og að annars er það brot á samningnum við oss. En vjer fáum aldrei gjörðan þann samning við neinn sem ekki er mögulegt að brjóta. Vjer höfum, ef slíkt kemur fyrir, sama rjett og aðrar sjálfstæðar þjóðir. Vjer höfum rjett til að verjast órjettinum.
2. *Utanríkismálin.* Sk. Th. þykir það skerðing á fullveldi voru, að vjer getum ekki búist við því, ef Danir fara með utanríkismál fyrir oss, að þeir

gefi frá sjálfum sjer til að kaupa oss hagfelda samninga við aðrar þjóðir. Hann nefnir það dæmi, að Spánverjar vilji lækka toll á saltfiski frá Íslandi, ef Danir vilji aftur á móti lækka toll á spænskum vínum innfluttum í Danmörku. Sk. Th. hefur hjer líklega verið farið að minna að hann væri að sanna, að vjer ættum að vera ölmusumenn Dana en ekki fullveðja ríki.

3. Sk. Th. segir, að með frv. felum vjer Dönum ýms mál, sem vjer höfum hingað til einir haft ráð yfir. Þar til telur hann:

a. Kaupfána. Lögin $^{2}/_{1}$ 1871 telja ekki kaupfána sjerstakt mál Íslands, enda er kaupfáninn danski lögleiddur hjer með dönskum lögum, $^{11}/_{7}$ 1748. Það sannar ekkert um að kaupfáni sje sjerstakt mál, þótt það sje skráð í lögum, sem vjer höfum samþykkt, að skip verði að hafa danska kaupfánann sem þjóðernis-flagg. Ríkisráðið hefði, spái jeg, annan skilning á þessu en Sk. Th. Og þessi skilningur yrði, því miður, ofan á, en ekki Skúla.

Sk. Th. fer hjer villt. Sje honum áhugamál með fánann, þá leyfir einmitt frv. fánann innanlands og í landhelgi nú þegar, en eptir 25—37 ár einnig út á við. Frv, er hjer betra jafnvel en erindisbrjefið.

b. Fiskiveiðarjett. Ríkisráðinu er nú skylt að mæla í móti, ef Íslendingar ætla að ganga á jafnrétti þegnanna. Og vjer höfum nóg dæmin sem sanna, að það gætir þeirrar skyldu rækilega um fiskiveiðarnar. Og Sk. Th. játar, eins og áður er sagt, að Danir hafi með ríkisráðsmeðferðinni tryggt sjer »fiskiveiðar hjer

og önnur atvinnumál«. Það versnaði þá ekki hagur vor með frv., þótt það væri rjett, sem Sk. Th. segir, að þar sje Dönum leyft hjer fullt jafnrjetti við oss. En nú er sannleikurinn sá,, að rjettur Dana rýrnar eftir frv. frá því sem nú er. Nú geta þeir rekið hjer fiskiveiðar í landhelgi frá Danmörku eða Færeyjum. En eptir frv., þegar það er alveg komið á, geta þeir það því aðeins að þeir séu hér búsettir eða með þeim skilyrðum öðrum er vjer setjum. Þetta kallar nú Sk. Th. »afsal rjettinda« og »stórt skref aftur á bak«.

Jeg sje ekki betur en að rjettindi okkar aukist stórum en minnki ekki.

Sk. Th. segir að frv. sje líka fjárhagslega »spor aptur á bak«. Hann telur þar fyrst konungsmötuna, um 20000 kr. og síðan »litlu skrifstofuna« í Khöfn. En hann gleymir þar því, að vjer vinnum aptur sektirnar fyrir landhelgisbrotin, $^2/_3$ af þeim, sem Danir sleppa með frv., þarsem þeir eiga að kosta að öllu strandvarnirnar. Ieg ímynda mér því helzt að vjer töpum ekki á breytingunni, þótt ekki sé litið á annað en aurana.

En má ekki líta líka á annað en auranna eina. Væri það sómi fyrir konungsríkið Ísland, að tíma ekki að borga konungi sínum að sínum hluta, og að láta aðra þjóð kosta skrifstofu sína og fulltrúa, einmitt í því landi, sem vjer viljum helzt að menn álíti að vjer sjeum óháðir með öllu.

Hvað vill nú Sk. Th. ráða oss til að gjöra í stað þess að taka frv.

Hann ræður oss til að »*hamra á danskinum*«

1. með því að bægja þeim frá fiskiveiðunum, sem hann er búinn að játa að Danir hafi tryggt sjer með ríkisráðsmeðferðinni.
2. með því að fá Dani til að *jarma* eins og Færeyinga, en bezta ráðið til þess er reyndar, að samþykkja frv., enda hafa ekki Færeyingar jarmað útaf öðru en frv.

Sk. Th. segir að lokum, að hann hugsi nú svona »samvizkusamlega« vegna niðjanna. Það var líklegra, að það væri fyrir aðra en ekki fyrir sjálfan hann, að hann hugsar svona!!

Sambandsmálið.

Enn um

sambandsmálið

eptir

Jón Jensson

Reykjavík
Prentsmiðjan Gutenberg
1908

Það hefur komið Ísafold illa, að jeg skyldi hafa leyft mjer að skýra þjóðinni skýrt og skilmerkilega frá skoðun minni á þeim stórkostlega óvænta frelsisauka, sem Íslendingum stendur til boða samkvæmt frv. millilandanefndarinnar.

Hún »nær ekki upp í nefið á sér fyrir reiði«, yfir því að jeg skuli leyfa mjer að reyna að trufla ritstjórann og þá fjelaga hans í því starfi, er þeir eru að vinna að, að spilla framgangi þeirrar stærstu rjettarbótar, sem Ísland hefur nokkurn tíma átt kost á.

Hún vill, að eftir að jeg og landvarnarmenn höfum með margra ára striti og meiri fyrirhöfn og þrautum, en ókunnugir gjöra sjer í hugarlund, orðið að reka ritstjóra hennar og hans flokk, ýmist með góðu eða illu, til að hverfa aftur af innlimunarbrautinni, sem hann var kominn inn á 1903, og taka upp aftur frelsismál Íslands á stefnuskrá blaðs sins, og eftir að vjer höfum með þessu neytt hann til að taka upp þann málstað, er vann honum traust allra góðra Íslendinga — hann, ritstjórinn vill nú, segi jeg, að jeg horfi á það þegjandi, að hann misbrúki þetta traust þjóðarinnar, sem vjer höfum vísað honum veginn að, til þess að fylla þjóðina með ófyrirleitnum ósannindum um innihald nefndarfrv. og rjettarstöðu landsins eins og hún er nú, og fæla þjóðina frá að taka frelsinu nú þegar það býðst, svo að árangur af starfi voru verði verri en enginn og þjóðin ver sett en hún hefur nokkurntíma áður verið.

Því að það er áreiðanlegt, að þjóðin verður ver sett eftir en áður, ef hún hafnar frv. Hún hefur þá gefið öllum heiminum sönnun fyrir því, að hún hefur ekki vit á að ráða sjálf málum sínum, og það verður álitið eðlilegt af öllum, að Danir haldi áfram að hafa stjórnina yfir oss og þessu landi. Dönum verður þá ekki lengur um það kent, að Ísland er ófrjálst og undirlægja Danmerkur, því að þeir hafa boðið Íslendingum fullt sjálfstæði. En Íslendingar hafa ekki viljað þiggja frelsið, heldur slegið hendi við því, er það var að þeim rjett. Og verður það ekki eitthvað skrítið, þegar Íslendingar svo byrja aftur að »krefjast« landsrjettinda sinna af Dönum, sömu landsrjettindanna sem þeir hafa ekki áður viljað taka við af þeim? Hverju ætli Danir svari þá?

Ísafold þykist nú í síðasta blaði (18. júlí) vera að reyna að hrekja skoðanir mínar um nefndarfrv., sem jeg setti fram í nýútsendum smáritlingi (Tvær ritgjörðir). En hún gjörir ekki annað en rangfæra og spilla rjettu máli.

Hún segir að jeg sje reiður. Jeg veit ekki hvaðan hún hefur það. Í ritlingi mínum er ekkert sem bendi til þess. Það er hvergi reiðiorð í honum; en hitt er satt, þó að það sjáist ekki heldur á ritlingnum, að jeg er sár yfir hegðun minna fyrri skoðanabræðra og skammast mín fyrir þá. Og það er líklega einmitt þessvegna, að jeg er farinn að ganga svo álútur, að Ísafold hefur orðið að láta það mál til sín taka.

Það sem Ísafold og hennar fylgiblöð segja af framkomu minni á Galtarholtsfundinum, að jeg hafi þar komið »ókurteislega fram og beinst ó-

hæfilega að fjarverandi mönnum«, er blátt áfram vísvitandi ósannindi frumvarpsfjenda, sem urðu sjer þar til minnkunar fyrir fáfræði sína og útúrsnúninga og höfðu því enga frægðarsögu að segja af sjálfum sjer, en gripu þá til þess óyndisúrræðis að »fóna« til blaða sinna óhróður um andstæðinga sína. Jeg beindist ekki persónulega að neinum fjarverandi manni á fundinum, en jeg minti menn á og benti á, hverju 3 höfuðpaurar mótspyrnunnar gegn frv., Kr. J., Sk. Th. og Bj. J. hefðu haldið að mönnum og hjeldu að þeim á prenti, og það þóttist jeg hafa leyfi til að gjöra og verða aðgjöra málsins vegna, enda fengi víst Björn Jónsson fáa menn til að samsinna því, að ekki mætti minnast á ræður í alþingistíðindum eða blaðagreinar nema höfundar væri viðstaddir.

En svo að jeg víki aftur að aðfinnslum Ísafoldar við ritling minn, hvað er það þá sem hún hefur þar að segja?

Henni kemur það illa, að jeg skuli segja »að nefndin öll, að Sk. Th. einum undanteknum, hafi tekið til greina allar kröfur Þingvallafundarins 1907, eins og frjálslyndi flokkurinn á þingi 1907 útlistaði þær í erindisbrjefi, er hann gaf mönnum þeim, er hann kaus í nefndina úr sínum hóp«.

Og það er von þótt Ísafold falli illa að heyra þenna sannleika.

Frjálslynda flokknum á þingi 1907 þótti Þingvallafundarályktunin of óákveðin og ekki taka nóg tillit til torfærna þeirra og takmarkana, er óhjákvæmilega mátti sjá fyrir að mæta myndu nefndarmönnum frá Dana hálfu, ef samningatilraunin átti ekki að vera fyrirfram dauðadæmd, og hann taldi því hyggilegt að binda nefndarmenn við um-

boð eða erindisbrjef, er markaði það, hve langt þeir mættu fara í tilslökunum.

Nú hef jeg sagt, að nefndarmenn hafi fengið teknar til greina allar þær kröfur, er erindisbrjefið, tilgreinir. Ísafold og Sk. Th. og öll halarófan neitar því. Ísafold & Co. er ánægt með erindisbrjefið *þykir það ágætt og óaðfinnanlegt*, og *erindisbrjefið er því ekki aðeins mælikvarði fyrir því, hvað frjálslyndi flokkurinn á þinginu í fyrra taldi aðgengilegt og æskilegt fyrir Ísland, heldur einnig er það sönnun fyrir því hvað Ísafold & Co., allir frumvarpsfjendur að meðtöldum Sk. Th., sem fyrstur birti erindisbrjefið á prenti, telja* **nú** *aðgengilegt fyrir Ísland.* Það er því mikið undir því komið að þetta erindisbrjef sje athugað vandlega, og jeg prenta það því hjer í fullu líki.

Útdráttur
úr gjörðabók þjóðræðisflokksins á alþingi 11. júlí 1907.

Fundarályktun
um samningsgrundvöll í sambandsmáli Íslands og Danmerkur.

Ísland skal vera frjálst sambandsland Danmerkur, í konungssambandi við hana, með fullveldi yfir öllum sínum málum.

Fela má þó Dönum að fara með ýms mál fyrir Íslands hönd, meðan um semur, þau er eptir ástæðum landsins þykir gjörlegt, t. d. konungserfðir, hervarnir, utanríkismál, mynnt.

Öll önnur mál skulu Íslendingar vera einráðir um með konungi, og verða þau að sjálfsögðu eigi borin upp í ríkisráði Dana.

Sjerstaklega skal það tekið fram, að auk þeirra mála, sem nú eru talin íslenzk sjermál, skal áskilinn sjerstakur íslenzkur þegnrjettur; semja má þó svo að Danir fái að

njóta þegnrjettar á Íslandi gegn því, að Íslendingar hafi sama rjett í Danmörku og Danir.

Fáni skal og vera sérstakur fyrir Ísland, en til samkomulags má vinna, að ákveðið sje, að íslenzk skip hafi danskan fána í utanríkis höfnum.

Rjett til fiskiveiða í landhelgi hafa Íslendingar einir, en með samningi má veita Dönum rjett til þeirra, gegn því, að þeir annist landhelgisvarnir hjer við land, meðan þörf er, eða láti önnur hlunnindi í móti koma.

Fé á konungsborð má bjóða fyrir Íslands hönd að tiltölu við fólksfjölda.

Framanritaðri fundarályktun til staðfestingar eru undirrituð nöfn allra flokksmanna.

Björn Kristjánsson. Jóh. Jóhannesson. Ólafur Briem. Ólafur Ólafsson. Ólafur Thorlacius. Sigurður Stefánsson. Sigurður Jensson. Skúli Thoroddsen. Stefán Stefánsson. Valtýr Guðmundsson. Þorgr. Þórðarson.

Með athugasemd undirskrifar:

Magnús Andrjesson.

Jeg skal nú athuga þetta merkilega skjal, sem frumvarpsfjendur hafa viðurkennt sjálfir að fullnægði kröfum vorum og því vilja enn halda fast við sem gott og gilt í alla staði, svo að ekki aðeins sjeu nefndarmenn vítalausir með öllu, ef þeir hafa fylgt því, heldur sje frv. þá einnig ágætt í alla staði.

Við 1. greinina er það að athuga að þar er Ísland *ekki* nefnt *ríki* heldur sambandsland. Menn voru þá ekki eins orðsjúkir og nú. Björn Jónsson skrifaði meira að segja sjálfur í »Ísafold«, eptir að blaðamannaávarpið kom út, að vjer gjörðum ekki kröfu til að verða ríki. Hann var ekki lengra kominn þá. En nú er í nefndarálitinu, sem er eins gilt í þessu tilliti og frv. sjállt, tekið fram berum orðum að Ísland verði »ríki útaf fyrir sig við hliðina á Danmörku«. Svo að þar kemst nefndin fram úr erindisbrjefinu.

Útaf 2. gr. hefur verið gjört mesta óveður. Það eru orðin »meðan um semur«, sem mest lætin hafa orðið útaf. Í ritlingi mínum ætlaði jeg ekki að fara út i röksemdafærslu, heldur skýra aðeins frá skoðun þeirri, er jeg með rækilegri rannsókn frv. hafði komizt að um innihald þess, því að hitt hefði orðið lengra mál en jeg hafði tíma til að koma af, og það var í samræmi við þetta, að jeg tók ekki orðin »meðan um semur« fremur en önnur orð frv. til sjerstakrar útlistunar. En af því svo mikið hafði verið lagt uppúr orðunum móti frv., vildi jeg þó sýna að jeg hefði veitt orðunum sjerstaka eptirtekt, og setti því athugasemd um það í ritl. og kallaði það orðhengilsháttt að leggja nokkuð uppúr þeim orðum gegn nefndarmönnunum. Það er því nokkuð undarlegt af Ísafold að segja að jeg hafi hummað *þetta* atriði fram af mjer. Jeg hummaði það einmitt síður fram af mjer en önnur atriði í frv. Jeg vildi ekki að menn gætu sagt, að jeg færi í felur með eða vildi leyna orðum, sem menn höfðu lagt svo mikla áherzlu á.

Orðin »meðan um semur« á nú eptir minni skoðun að skilja svo sem þar stæði t. d.: svo lengi sem um semst með nefndarmönnum. Jeg álít því að nefndarmönnum hafi verið heimilað með orðunum að ganga að hvaða tímatakmörkun sem fengist gat á meðferð Dana á málunum og einnig til að ganga að því að meðferð þeirra hjeldist um óákveðinn tíma, þar til er báðir aðilar kæmu sjer saman um breyting, og að þeir því hafi haft fulla heimild til að semja eins og þeir gjörðu. Nefndarmenn hafa meira að segja komizt að betri kjörum en erindisbrjefið heimilar í þessari grein, þar sem þeir eptir henni máttu fela Dönum öll utanríkismál skilyrðis-

laust eða án nokkurrar hluttöku í þeim af vorri hálfu, en eptir frv. útheimtist samþykki vort til þeirra þjóðasamninga er Ísland snerta til þess þeir nái gildi fyrir Ísland, og er þetta ekki smálitill vinningur.

Jeg er ekki í vafa um að þessi skilningur á orðunum »meðan um semur« er hinn rjettasti og eðlilegasti, ef ekki sá einasti sem mögulegur er. »Ísafold« telur það sjálfgefið að orðin eigi að skilja svo sem þar stæði: svo lengi sem vjer (Íslendingar) viljum. Hún lætur eins og Dönum komi samningurinn ekkert við, þeir megi ekkert atkvæði hafa um varanleik hans. En auðvitað yrðu Danir líka, eptir þeim skilningi er »Ísafold« aðhyllist, að geta sagt upp fyrirvaralaust, hvenær sem þeir vildu. Jeg efast um að orðin eins og þau standa geti skilist þannig. Til þess hefði þurft að standa t. d. »meðan um semur milli Íslendinga og Dana«; annars eiga orðin aðeins eða beinast við hinn upphaflega samning einan, sem nefndarmenn áttu að undirbúa eða semja um.* Og víst er það, að samningar hefðu allir verið fyrirfram dauðadæmdir, ef ekki mátti fela Dönum málin nema svo lengi, sem

---

* Fjallkonan kemur með all-laglegt dæmi til að skýra orðin »meðan um semur«, sem jeg get notað — til að sýna einmitt hið gagnstæða því er Fjallkonan þykist sanna. Ef landsstjórnin hefði sett í veitingabrjef mitt, að jeg skyldi þjóna yfirdómaraembættinu meðan um semur, þá þýddi það, ef enginn annar samningur væri gjörður. að stjórnin gæti sagt mjer upp embættinu þegar henni sýndist. En ef landsstjórninni væri falið að fá mig til að þjóna embættinu »meðan um semur« þá líti málið öðru vísi út. Þá væri það lagt landsstjórninni á vald að veita mjer embættið svo að jeg sæti ekki í því bara »meðan um semur«. Meðan um semur markar í erindisbrjefinu heimildarsvið nefndarmannanna til að semja, en er þar ekki sett sem samningsákvæði í samningnum við Dani.

oss þóknaðist, svo að vjer gætum rekið Dani frá málunum nær sem vjer vildum fyrirvaralaust. Þykir mönnum sennilegt að þetta hafi verið hugsun þingflokksins, sem gaf erindisbrjefið? Víst er að jafnvel Sk. Th. hefir ekki fylgt þessum skilningi, þarsem hann vildi samþykkja langan uppsagnartíma á sameiginlegu málunum. En það er ekki nema um tvennt að velja, þenna skilning, ef hann er mögulegur, sem jeg efa, og þann er jeg tel rjettan.

Ekki hafa þá nefndarmenn heldur brotið þessa grein brjefsins. Þvert á móti. Frv. er einnig þar stórum betra.

3. gr. um ríkisráðið er fullnægt.

4. gr. um þegnrjett sjerstakan. Þar leyfir erindisbrjefið að semja svo, að Danir skuli (um aldur og æfi?!) njóta á Íslandi íslenzks þegnrjettar. Ólíkt er það rífara tiltekið, að veita þannig Dönum hlutdeild í þeim rjetti, er oss átti sem þjóð að vera sárast um, heldur en jafnrjettisákvæðið í frv., sem að eins tryggir Dönum sama rjett, er vjer, af sjálfum oss, samningslaust myndum hafa veitt þeim sem hverjum annarar þjóðar þegnum, er hér vildu setjast að, og hafa nefndarmenn því einnig hjer náð betri samningum, en brjefið tilskilur.

Eptir 5. gr. mátti vinna það til samkomulags, að íslenzk skip — um aldur og æfi?! — hefðu danskan fána í utanríkishöfnum. Eptir frv. verður oss frjálst að sigla hvar sem er undir vorum eigin fána eptir 25—37 ár. Eitthvað lítið hafa þá nefndarmenn umbætt þar.

Eptir 6. gr. máttu nefndarmenn veita Dönum rjett til fiskiveiða hér í landhelgi svo lengi sem þeim sýndist, í skiptum fyrir einhver hlunnindi oss

til handa frá Dönum. Þennan rétt hafa nefndarmenn ekki notað sjer.

7. grein er það verri en frv., að eptir frv. á að ákveða borðfje konungs og konungsættar eptir hlutfallinu milli tekna Íslands og Danmerkur, en það er Íslandi betra en hitt, að miðað við sje fólkstölu.

Það sjest af þessu, að jeg hef ekki tekið of djúpt í árinni, er jeg í ritlingi mínum segi allar þær kröfur fengnar, er frjálslyndi flokkurinn á alþingi 1907 taldi oss frekast geta vænzt eptir að fá og eiga að æskja eftir og þiggja. Jeg hef einmitt ekki tekið nógu djúpt í árinni, því að frv. er miklum mun betra en erindisbrjefið gerir ráð fyrir.

Hvers vegna ræðst þá ekki Ísafold & Co. á erindisbrjefið og á frjálslynda flokkinn á alþingi, þar á meðal Sk. Th.?

Og hvernig geta þingmenn í þessum flokki látið sjer sæma að skella nú skuldinni á nefndarmennina, sem hafa gert betur en fyrir þá var lagt, fyrir það sem þeir eiga einmitt sjálfir sök á, ef nokkur sök er?

Ísafold vill gjöra mig að höfundi erindisbrjefsins, segir að orð þess sjeu »stíluð af mjer sjálfum«. Þetta er einsog flest annað hjá Ísafold ekki einu sinni hálfur sannleikur. Jeg skal þá segja frá því hvaða þátt jeg átti í samningu brjefsins.

Björn Jónsson vildi að jeg kæmi á fund þjóðræðisflokksins vegna málefnis eins er þar átti að ræða, en þóttist ekki geta fengið flokkinn til að kalla mig á fund nema annað tilefni væri til nærveru minnar á fundi flokksins en það sama mál. Hann kom því þá svo fyrir, að jeg var kosinn af flokknum ásamt Skúla Thoroddsen og Valtý Guðmundssyni til að semja uppkast að erindisbrjefi

handa nefndarmönnum, og var þá tilgangurinn að jeg kæmi þann veg á fund flokksins, til að ræða uppkastið. Jeg gjörði það af þægð að gegna þessari kosningu, en jeg tók það fram við þá Sk. Th. og Valtý, að jeg áliti það alveg þýðingarlaust að vera að semja neitt erindisbrjef. Stefnan væri gefin með blaðamannaávarpinu og Þingvallafundinum og öðrum umræðum um málið, og menn yrðu aðeins að vanda kosninguna í nefndina, en eiga að öðru leyti undir þeim mönnum er kosnir yrðu, að þeir gjörðu sitt bezta, svo sem þeir treystu sjer síðar að verja það fyrir þjóðinni. Þeir sinntu þessu ekki og jeg ljet þá undan. Þegar við komum saman uppi hjá Sk. Th. höfðum við ekki nema 10—15 mínútur til að vinna verkið. Jeg ætlaðist til að þeir skrifuðu uppkastið, og ætlaði sem minnst að gefa mig að því, en það stóð þá einhvernveginn svo á fyrir þeim, að þeir þóttust ekki eiga hægt með að skrifa. Jeg tók þá pennann og sagði þeim að stíla. Sjálfur lagði jeg ekki til nema orð blaðamannaávarpsins og Þingvallafundarins, þau sem þaðan voru tekin. Svo hirtu þeir þetta uppkast sem gjört var. Jeg fjekk ekki meira að vita um hvað við það var gjört, og ekki var jeg á fundi þjóðræðisflokksins, er það var þar rætt og samþykkt. Mjer hefur síðar skilist, að uppkastið, svo flausturslega sem það var gjört, hafi verið samþykkt af flokknum óbreytt, og skil jeg varla að jeg hefði verið með því óbreyttu, ef jeg hefði tekið þátt í því að leggja síðustu hönd á það. Jeg vísa því frá mjer allri ábyrgð á því hvernig skjalið er úr garði gjört til þeirra sem gengu frá því og undirskrifuðu það.

Mjer datt það í hug seinna, þegar jeg var ekki kallaður frekara til af flokknum, að hjer hefði átt

að beita mig brögðum. Taka fyrir það, með því að láta mig »skrifa«, að jeg rjeðist síður á það, sem þjóðræðisflokkurinn gengi að í nefndinni, og heimtaði meira. Jeg kalla það brögð, af því að jeg átti ekki kost á að ræða brjefið til hlítar og ganga frá því til fullnaðar.

En nú hefur allt snúist á bezta veg. Frv. er gott oss til handa einsog það er, hvað sem um erindisbrjefið má segja. Og erindisbrjefið er skýr sönnun þess, þó að að því megi ýmislegt finna, að frjálslyndi flokkurinn á þingi í fyrra hefði hiklaust gengið að frv. millilandanefndarinnar ef það hefði fyrir þeim legið, og ekki getað þakkað Dönum nógsamlega fyrir frjálslyndi þeirra við oss.

Ísafold segir að jeg byggi kosti frv. á algjörðu rjettleysi voru. Þetta er ekki rjett. Þó að vjer hefðum ekki t. d. samþykt innlimun Íslands 1903 og gefið Dönum þá hönd yfir öllum málum vorum, þá myndi jeg álíta frv. sömu stórmiklu rjettarbótina, sem jeg álít það nú vera. En frv. er mjer auðvitað enn kærkomnara, því lengra sem vjer vorum búnir að sökkva oss niður í rjettleysið og binda hendur vorar við náð Dana.

Það er útúrsnúningur og ekki annað, er Ísafold segir að »jeg reisi ekki kosti frv. á orðum þess sjálfs, heldur á tilbúningi sjálfs mín og engu öðru«. Jeg segi það í ritlingnum að jeg ætli að eins að lýsa hugsuninni í frv., aðaldráttum þess, eins og jeg skildi frv., jeg ætlaði ekki að þræða orð frv. En Ísafold ætlar ef til vill að neita því, og kallar það tilbúning minn, að Ísland fái viðurkennd með frv. þessi algildu einkenni sjálfstæðs ríkis: sína eigin landeign með landhelgi, sem það

fær eitt ráðin yfir, sjerstakan fæðingarrjett og eigið óháð ríkisvald. Ísafold heldur ef til vill, að vjer höfum nú þessi ríkiseinkenni, þó að Danir ráði lögum vorum eins og þeir vilja, skamti oss danskan fæðingarrjett eins og þeir vilja og skamti oss úr hnefa vald yfir málum vorum eftir vild sinni. Ísafold þykist ekki skilja 6. gr. frv., og gjörir sig þar að aula fyrir allri þjóðinni með því að prenta upp greinina alla og kannast þó ekki við það sem jeg hef sagt úr henni. Í greininni er það gjört að samningsatriði við Íslendinga, sem Íslendingar eiga að samþykkja, að Danir ráði sínum eigin sjermálum alveg eins og Íslendingar sínum. Jeg segi í ritlingnum, að slíkt ákvæði væri óhugsanlegt í samningi milli undir- og yfirríkis. Ísafold þarf að átta sig betur á þessu atriði.

Jeg segi í ritlingnum, að í rauninni verði ekki utanríkismál sameiginleg mál, nema að því leyti sem þau snerta ekki Ísland sjerstaklega, því að þá liggi þau undir samþykki Íslands. Ísafold hefur ekki annað við þetta að athuga, en að hún heldur að jeg hafi gleymt konsúlunum, að þeir geti varðað Ísland sjerstaklega, en í frv. sje aðeins tekið fram að þjóðasamningar, sem snerta Ísland sjerstaklega, liggi undir samþykki Íslands. Jeg get huggað Ísafold með því, að það er enginn vafi á því eptir almennum lögskýringarreglum að í ákvæðinu um þjóðasamningana verður álitin liggja sú grundvallarsetning, að utanríkismálum yfir höfuð, sem snerta Ísland sjerstaklega, verði ekki skipað án vors samþykkis, og þá heldur ekki konsúlamálum. T. t. gætum vjer vafalaust fengið skipaða sjerstaka konsúla er hefðu aðeins íslenzkra hags-

muna að gæta, en vjer yrðum auðvitað að launa þeim.

Ísafold segir að mjer sje sama um það eða gjöri ekkert úr því, þó að Danir misbeiti valdi sínu á oss eins og þeir vilji. Mjer er einmitt ekki sama um þetta. *Jeg vil einmitt taka frv. af því að þá geta Danir ekki lengur misbeitt valdi sínu á oss.* Þeir missa þá einmitt tökin á oss til þess að gjöra það. Það er Ísafold, sem vill halda áfram að byggja allt á góðvild Dana og náð og láta þá geta misbeitt valdi á oss.

Ísafold mislíkar það við mig, að jeg skuli ekki vilja skrökva því að þjóðinni, einsog Ísafold er nú farin að gjöra, að rjettarafstaða vor Íslendinga gagnvart Dönum sje betri en hún er. Þetta fær hún mig þó aldrei til að gjöra, sízt nú, þegar það ríður á að þjóðin fái að vita það sanna, svo að hún skilji fyllilega, að greinilegar getur hún ekki gengið annari þjóð á hönd, heldur en hún hefur gjört 1903, og láti því ekki sína eigin landsmenn, Ísafold og fjelaga hennar, villa sig til að hafna tilboði um fullt sjálfstæði landsins og ríkisrjettindi með tómum ímynduðum og ósönnum göllum á nefndarfrv.

Ísafold fer að vitna í rit mitt »Uppgjöf landsrjettindanna« er út kom vorið 1903 til sönnunar því, að jeg hafi haft hærri hugmynd áður um rjettarstöðu Íslands. Jeg var í riti þessu að sýna fram á, að Dönum hefði aldrei tekist til þess tíma (1903) að koma neinum beinum ákvæðum inn í stjórnarlög vor, er staðfestu kenning Dana um að vjer værum innlimaðir í Danmörku, og jeg skoraði alvarlega á menn að gæta þess áfram að skemma ekki stjórnarlög vor með neinni slíkri viðurkenningu, og sjerstaklega að setja ekki í stjórn-

arskrána ákvæði um að lög vor þyrfti að leggja undir ríkisráðið danska og dönsku ráðgjafana, því að þá værum vjer með því búnir að viðurkenna yfirvald Dana yfir málum vorum, og þá væri vor sögulegi rjettur til að vera sjálfstæð þjóð eða ríki sjer gefinn upp af oss.

Björn Jónsson kannaðist þá við að jeg hefði mikið til míns máls, en ekki studdi hann mál mitt þá. Hann var þvert á móti fylgjandi öðrum landsmönnum og samþykkur því, að mál vor yrðu bundin í ríkisráðinu, eins og gjört var þá.

Þá var ekki tortrygnin við Dani. Ekki hjá honum, og heldur ekki hjá Kristjáni Jónssyni eða öðrum leiðtogum þjóðarinnar. Kr. Jónsson sagði þá á alþingi að það væri gjört í *æsingaskyni að eins* af oss landvarnarmönnum, er vjer töluðum um *afsal* landsrjettinda, þar sem ræða væri um »*söguleg landsrjettindi*« vor. Söguleg rjettindi væri engin rjettindi, því *vjer ættum eftir að afla oss þeirra, fá þau viðurkend* af Dönum. »Hvergi og aldrei höfum vjer fengið *viðurkenndan* þann rjett, að mál vor eigi að liggja fyrir utan verksvið ríkisráðsins«, segir hann þá, þar væri að eins um söguleg rjettindi að ræða, og því væri óhætt að afsala þeim, það væri ekkert afsal rjettinda. Nú þegar oss stendur til boða viðurkenning á öllum þeim sögulega rjetti, sem vjer höfum nokkurntíma átt, þá fer aftur Kr. J. að tala sjálfur í »æsingaskyni« má nú með sanni segja, um afsal sögulegra landsrjettinda, af því að nefndarfrv. hefur ekki áskilið Íslandi einhverja tiltölulega og alveg þýðingarlausa hluttöku í konungskosningu þegar Glücksborgarættin deyr út í Danmörku, sennilega hvorki á þessari öld nje hinum næstu.

Þannig er samkvæmnin hjá þessum stjórnmálamönnum vorum.

Það er nú einmitt samkvæmt skoðun minni, er jeg ljet í ljósi í fyrnefndu riti 1903, sem Ísaf. vitnar til, að jeg tel nú að vjer sjeum innlimaðir að lögum í Danmörku. Jeg sagði þá, að það yrði afleiðingin af samþykkt ríkisráðsákvæðisins, og varaði því við henni. Jeg meinti þetta þá, og það kom í ljós, að jeg hafði rjett fyrir mjer, enda unnuzt menn á mitt mál, þar á meðal Björn Jónsson, en þó fyrst eptir að glappaskotið var gjört og vjer orðnir innlimaðir.

Nú er svo komið fyrir oss, að vjer getum engin lög samþykkt svo að dönsku ráðgjafarnir hafi ekki, af oss viðurkenndan, rjett til að sjá þau og rannsaka, hvort þau sjeu ekkert óþægileg fyrir Dani. Ef þeim þykir það, þá vitna þeir til jafnrjettis þegnanna, sem þeir nefna svo, og láta skera lögin niður (ɔ: mótmæla því að konungur staðfesti þau). Hjer eru Dönum engin takmörk sett. Það eru *þeir* sem segja til, hvort þeir álíta, að lögin skerði jafnrjetti þegnanna. Og *þeir* útþýða lögin 2. jan. 1871, sem marka sjermálasvið vort; *þeir* segja til, hvort vjer eigum að fá að ráða einhverju máli einir, eða þeir eigi að ráða því *fyrir oss.* Svona er nú ástandið núna. Jeg er ekki að skrökva því upp eða gjöra verra úr því en það er. En jeg vil ekki leyna þjóðina því, hvað það er hryllilegt. Birni Jónssyni og Kristjáni Jónssyni og Skúla þótti ekkert að því að ganga að þessu 1903, þó að þeir sæju síðar hvaða axarskapt þeir þá gjörðu. En vjer sitjum nú í þessu ástandi, meðan Dönum þóknast. Þar er ekkert »meðan um semur« okkar megin. Ef vjer ætluðum að fara að breyta stjórn-

arskránni og losa málin úr ríkisráðinu, þá kæmu dönsku ráðgjafarnir með skærin og klipptu í sundur lögin sem ráðgjafi okkar kæmi með í því skyni í ríkisráðið til staðfestingar, »því að«, segðu þeir, »þau miða til að losa um sambandið milli Íslands og Danmerkur, en þar eigum vjer að vera á verði eptir viðurkenningu Íslendinga sjálfra, eins og einnig til að verja jafnrjetti þegnanna«.

Úr þessu ástandi vilja höfuðleiðtogar Íslendinga, sem jeg nefndi áðan, ekki með neinu móti að vjer losumst.

Ísafold hefur tekið fyrir í fyrgreindu tölublaði að verja samsætisræðu Sk. Th., sem jeg tók til athugunar í ritl. mínum um daginn, í greininni »Hvað foringinn segir«.

Jeg hjelt að þeir fjelagar, Bj. J. og Sk. Th., ætluðu að lofa ræðunni að liggja þar sem jeg hafði skilið við hana, því að Sk. Th. afneitaði ræðunni þegar er hann hafði lesið umsögn mína um hana, eða vildi ekki kannast við að hún væri rjett höfð eptir. Ísafold er auðsjáanlega ekki á sama máli. Hún vill ekki kannast við að hafa skrökvað upp ræðunni, og nú verður hún að taka á sig að verja hana fyrir kompaníið.

Jeg get verið fljótur að lýsa þeirri vörn, sem Björn flytur þar fyrir Skúla.

Hún er ekki ósvipaður Bjarnargreiði við Skúla þeim sem samsætisræðan hans Skúla hefði verið fyrir »niðja vora«, ef jeg hefði ekki tætt hana í sundur í tíma.

Björn segir ekki eitt einasta orð af viti til varnar greininni. Það lendir allt í ónotum til mín

og þau gjöra mest til að fylla Ísafoldar-dálkinn. Allt er skilningsleysi hjá mjer, »þverhöfðalegur útúrsnúningur« eða »samvizkulaus ljettúð«.

Dálitil tilraun til að verja Skúla er það, er Björn segir að Skúla hafi á »elleftu stundu« hugkvæmzt að koma hugtakinu »fullveðja ríki« inn í frv. í stað orðsins »land« til að bæta úr því *með orðum*, sem ávantaði að skýrt væri tekið fram *að efninu* í frv. En Skúli og Björn hafa þar gleymt því að um slík hugtök sem þetta (fullveðja ríki) er einmitt ekki litið á orðin fyrst og fremst heldur efnið, Skúli átti því að reyna að fá efnið lagað, en ekki vera að hringla með orðalagið, sem var hans eigið verk.

Hin tilraunin að verja Skúla er þó enn þá verri hjá Birni. Jeg sýndi fram á í grein minni, að í ræðunni væru orð frv. höfð rangt eftir af Skúla í mikilvægu atriði, til að sanna mál hans. Þar væri byggt á því að í frv. væri nefnd *landhelgi ríkisins*, en þau orð kæmu hvergi fyrir í frv. Til þess að komast fram úr þessu finnur Björn upp á því að *breyta* beinlínis orðum Skúla í ræðunni, og fer að bisa við að sanna að »landhelgi *við* Ísland« komi fyrir í frv., en því hafði jeg aldrei neitað, heldur hinu, að landhelgi *ríkisins* kæmi þar fyrir.

Þetta var síðari Bjarnargreiðinn.

Hitt í ræðunni mun nú eiga að bíða annars verjanda.